

FUNDARGERÐ

Fundarefni : 8. fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis.

Fundartími: 8. júní 2022 kl. 10:00.

Fundarstaður: Safnahúsið, Hverfisgötu

Fundarmenn:

Guðbrandur Benediktsson, aðalmaður, Finnur Ingimarsson, varamaður, Auður Dagný Kristinsdóttir, aðalmaður, Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir, varamaður, Minjastofnunar Íslands og Henny Hafsteinsdóttir minjavörður.

Fundarritari: Auður D. Kristinsdóttir

Dreifing:

- Farið var yfir fundi á árinu. Dagsetning og staðsetning næsta fundar ákveðin.
- Farið var yfir starfandi minjaráð á landinu.
- Farið var yfir skráðar minjar á kortasjám sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.
- Umræða um varðveislu ungra minja sem ekki eru friðaðar m.t.t. stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um þéttingu byggðar.

- Höfundar bókarinnar Laugavegur, Anna Dröfn Ágústsdóttir og Guðni Valberg kynntu efni bókarinnar.
*„Byggingar- og verslunarsaga aðalgötu Reykjavíkur sögð í máli og myndum og tilraun gerð til að útskýra hvers vegna hún hefur þróast með þeim hætti sem raun ber vitni. Líklega endurspeglar engin gata á landinu jafn vel tíðarandann í borginni á hverjum tíma og Laugavegur. Fjallað er um þróun borgarrýmisins og húsin sem eru, voru og ekki urðu, en í bókinni er að finna fróðleik um fleiri en hundrað húsnúmer við Bankastræti og Laugaveg. Bókin er afrakstur samstarfs Önnu Drafnar Ágústsdóttur sagnfræðings og Guðna Valbergs arkitekts. Þau eru einnig höfundar bókarinnar *Reykjavík sem ekki varð* sem kom út árið 2014 en hún var endurprentuð í þriggung og er nú ófánleg.“*
Um bókina af vef útgefanda <https://www.forlagid.is/vara/laugavegur/>
- Höfundar stikluðu á stóru um sögu Laugavegar og þróun byggðarinnar í kring ásamt sögu skipulags í Reykjavík.
- Farið var sérstaklega yfir sögu fimm húsa við Laugaveg.
- Vettvangsferð. Gönguferð um Laugaveg með leiðsögn höfunda.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 7. september 2022 kl. 10:00. Staðsetning og dagskrá kynnt síðar. Fundi slitið kl. 12:20.